

Fundargerð

12. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.
27. apríl 2022 klukkan 10:00 í húsnæði Skipulagsstofnunar og í gegnum fjarfundabúnað.

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Einarisdóttir (ÁE) var á staðnum en Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ), Gauti Jóhannesson (GJ), Jón Björn Hákonarson (JBH), Elfa Hlín Pétursdóttir (EHP) og Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) og Guðrún Jensdóttir (GJ), sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Ábendingar sem komu fram á samráðsfundum.

Skipulagsstofnun hafði sent svæðisráði fundarpunkta af samráðsfundum með sveitar- og hafnarstjórnnum og samráðshópi.

HÁP fór yfir þau atriði sem komu fram á samráðsfundum og kalla á frekari úrvinnslu tillögunnar áður en hún er auglýst. Þessi atriði lúta að ákvæðum í skipulagsskilmálum og uppfærslu upplýsinga. Einnig eru staðbundin atriði sem varða nýtingarflokka í Reyðarfirði og Seyðisfirði.

Umræður um einstaka atriði og mögulega úrvinnslu þeirra.

Svæðisráð er sammála um að Skiplagsstofnun afli frekari gagna um einstök atriði og vinni tillögur að meðferð þessara atriða sem lagðar verða til afgreiðslu á næsta fundi ráðsins.

2. Vinnan framundan og næstu skref.

Formaður svæðisráðs lagði til að næsti fundur svæðisráðs yrði haldinn á Djúpavogi 31. maí. Á þeim fundi myndi svæðisráð ljúka umfjöllun um tillöguna og afgreiða breytingar á tillögunni eftir atvikum.

Svæðisráð er sammála um að á kynningartíma tillögunar verði efnt til víðtæks samráðs. Í því skyni verði kynningartíminn lengdur og lögð áhersla á að auðvelda íbúum og hagsmunaaðilum að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en strandsvæðisskipulag Austfjarða verði endanlega afgreitt.

3. Önnur mál

Samþykkt var að fundargerð yrði send fullrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira ekki gert, fundi var slitið klukkan 12:30